



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Almennar athugasemdir

Miðvikudagurinn 8. febrúar 2012 var mikilvægur dagur í sögu mannréttinda á Íslandi. Þá tók gildi ný byggingarreglugerð. Í byggingarreglugerð nr. 441/1998, sem hún tók við af, var aðskilnaður enn leyfður og hreyfihömluðu fólki ekki ætlaður aðgangur nema að hluta af byggðum mannvirkjum. Í 104.5 gr. hennar segir: „Í fjölbýlishúsum með sex íbúðum eða fleiri skal a.m.k. ein íbúð hönnuð þannig að hana megi innrétta samkvæmt þörfum hreyfihamlaðra.“ Önnur aðgengisákvæði um íbúðir í reglugerðinni áttu aðeins við um húsnæði sem hannað væri fyrir hreyfihamlað fólk.

Með byggingarreglugerð nr. 112/2012 var loksins gert ráð fyrir að allt húsnæði skyldi vera aðgengilegt öllum, með ákvæðum um algilda hönnun og er eitt meginmarkmið reglugerðarinnar að tryggja aðgengi fyrir alla, sbr. e-lið, 1.1.1. gr.

Á þeim fjórum árum sem síðan eru liðin hefur byggingarreglugerðin verið endurskoðuð þrisvar sinnum, og nú liggja enn fyrir breytingartillögur sem miða að því að skerða aðgengi fatlaðs fólks að mannvirkjum.

Í 65. grein stjórnarskrár Íslands segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Réttindi fatlaðs fólks til aðgengis að mannvirkjum og manngerðu umhverfi til jafns við aðra eru enn fremur varin í ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010 og Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sérstaklega 9. gr. Ef kröfur um algilda hönnun eru minnkaðar svo að þær nægi fyrir flesta en ekki alla og færri en áður, þá er um að ræða brot á þeim ákvæðum.

Stærðir, kostnaður og hagkvæmni

Ekkert hefur komið fram sem sýnir fram á að breytingar á byggingarreglugerðinni muni minnka byggingarkostnað eða auka hagkvæmni.

Í samanburði Mannvirkjastofnunar á lágmarksstærðum íbúða þar sem fjórar íbúðir voru bornar saman kemur fram í niðurstöðum að breytingar á kröfum um

lágmarksstærðir einstakra rýma séu óverulegar og að „Í öllum tilvikum er unnt að gera minni íbúðir eftir nýju reglugerðinni heldur en eftir þeirri gömlu.“¹

Í svari þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn á Alþingi segir: „Dýrt getur verið að breyta eldra mannvirki eða eldri hönnun til að tryggja aðgengi, en ef slíkt er hugsað frá upphafi hönnunar er ekki víst að kostnaðaráhrifin séu nokkur.“² Í svari ráðherra segir jafnframt að kostnaðaráhrif nýrrar reglugerðar séu óveruleg miðað við útreikninga verkfræðistofunnar Mannvits og eftir breytingar á byggingarreglugerð sem þegar hafa verið gerðar. Hagkvæmni og gæði húsnæðis geti hins vegar aukist með ákvæðum reglugerðarinnar:

„Vissulega kunna nýjar kröfur í einhverjum tilvikum að fela í sér aukinn kostnað en í sumum tilvikum má vega upp á móti slíkum kostnaði með breyttri hönnun, hagkvæmari byggingaraðferðum eða breyttu skipulagi, án þess að það komi niður á notagildi eða gæðum. Í sumum tilvikum geta breytingar á byggingarreglugerð falið í sér aukinn stofnkostnað en lægri rekstrarkostnað og aukinn endingartíma. Þessu til viðbótar má nefna að breytt ákvæði byggingarreglugerðar geta falið í sér þjóðhagslegan ávinning. Sem dæmi um slíkt eru ákvæði um algilda hönnun íbúðarhúsnæðis sem auka líkur á því að fólk geti búið í íbúðum sínum þegar það eldist, veikist eða slasast og þörfin fyrir sérhæft húsnæði og stofnanir minnkar. Að auki má nefna að sumir þættir í reglugerðinni ættu að fela í sér sparnað þegar til lengri tíma er litið, t.d. ákvæði um skilvirkara og betra eftirlit sem vonast er til að skili sér í betra húsnæði og færri göllum. Afar erfitt er að meta slík áhrif nákvæmlega fyrir fram.“

Athafnasvæði hjólastóla

Í byggingarreglugerð eru kröfur sem miða að því að hjólastólanotendur geti farið hindrunarlaust um mannvirki og athafnað sig.

Í upphaflegri útgáfu byggingarreglugerðar nr. 112/2012 var aldrei gert ráð fyrir minna athafnasvæði fyrir hjólastóla en 1,5 m x 1,5 m, en eru nú að lágmarki 1,3 m x 1,3 m í íbúðum sem eru minni en 55 fermetrar að stærð.³

Í tillögunum sem nú liggja fyrir er svo gengið enn lengra og gert ráð fyrir að athafnasvæði hjólastóla sé 1,3 m x 1,3 m fyrir allar íbúðir.⁴

Hjólastólar eru af ýmsum gerðum og misumfangsmiklir og liprir. Sumir notendur geta ekki setið uppréttir í stólum og sumir eru á stórum rafmagnsstólum. Í niðurstöðum norskrar rannsóknar um notkun hjólastóla og göngugrinda⁵ kom fram að mjög erfitt eða ómögulegt var fyrir hluta þátttakenda að athafna sig á 1,3 m x 1,3 m svæði.

Af þessum sökum er ekki hægt að fallast á tillögur um frekari skerðingu á athafnasvæði hjólastóla en nú þegar er orðin.

¹

<http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Byggingarsvid/Byggingarreglugerd/Um%20algilda%20h%C3%B6nnun%20og%20%C3%A1lgmarksst%C3%A6r%C3%B0ir%20%C3%ADb%C3%BA%C3%B0a-ma%C3%AD%202013.pdf>

² <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0835.pdf>

³ Í gildandi byggingarreglugerð eftir 3. breytingu.

⁴ Breytingartillögunar eiga við um eftirfarandi greinar í gildandi reglugerð: 6.4.2. (c-lið), 6.4.4. (4c- og 4d-lið í meginreglum), 6.7.7. (3. mgr.), 6.7.8. (a- og b-lið), 6.7.10. (d-lið), 6.7.11. (2. mgr.), 6.7.12. (1. mgr.).

⁵ <http://dibk.no/globalassets/universell-utforming/rapporter-og-publikasjoner/forskningsrapport-rullestol-hig-2014-1208-3-mb.pdf>

Athugasemdir við einstakar greinar tillagnanna

6.2.4. gr. Bílastæði hreyfihamlaðra

Stærð: Í tillögunum er gert ráð fyrir að stærð bílastæða fyrir hreyfihamlað fólk minnki úr 3,8 m x 5,0 m að stærð í 3,5 m x 5,0 m eða 2,5 m x 5,0 m með hindrunarlausu 1,0 m breiðu umferðarsvæði samsíða.

Þegar byggingarreglugerðin tók gildi í febrúar árið 2014 var stærðarkrafan fyrir öll bílastæði hreyfihamlaðra 4,5 m x 6,0 m, heilum metra breiðara og heilum metra lengra en nú er lagt til, en var breytt þegar í desember sama ár. Það er óásættanlegt að minnka lágmarksbreidd bílastæða enn frekar, enda heftir það möguleika þeirra sem nota hjálpartæki, en eru ekki á lyftubílum, til að nota stæðin. Hins vegar eru tillögur um sameiginlegt umferðarsvæði milli stæða ásættanlegar.

Tillögur ÖBÍ

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar: Stærð bílastæða fyrir hreyfihamlað fólk verði 3,8 m x 5,0 m eða 2,8 m x 5,0 m með hindrunarlausu 1,0 m breiðu umferðarsvæði samsíða.

Fjöldi: Í tillögum að breytingu á byggingarreglugerð er gert ráð fyrir 1 bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk miðað við hverjar 20 íbúðir í fjölbýlishúsi.

Í núgildandi reglugerð er ákvæði um 1 stæði fyrir hverjar 10 íbúðir og aldrei færri en eitt stæði fyrir stærri bíla, þ.e. 4,5 m x 5,0 m. Það er mikilvægt að bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk verði aldrei færri en 2 við fjölbýlishús, þar af 1 fyrir stærri bíla, því annars er hætt við að minni bílum verði lagt í stæði sem ætlað er fyrir lyftubíla. Í fjölbýlishúsum eru auk þess oft íbúar sem eru handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk og eru stæðin oft sérmerkt. Gestir sem eru handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk hafa þá ekki val um stæði.

Bent er á að upphaflega var ekki gert ráð fyrir mismunandi stærðum bílastæða fyrir hreyfihamlaða heldur hljóðuðu stærðarkröfum upp á 4,5 m x 6,0 m fyrir öll stæði, en jafnframt hefur dregið úr kröfum um fjölda bílastæða við fjölbýlishús.⁶ Fjöldi stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða í umferð hefur þó aukist talsvert á undanförunum árum og eru um 1400 stæðiskort gefin út árlega. Þörfin fyrir stæði fyrir hreyfihamlað fólk hefur því ekki verið meiri en nú.

Tillögur ÖBÍ

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á lágmarksfjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða við íbúðarhús, önnur en sérbylishús.

Fjöldi íbúða:	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:
1-20	2
21-40	3
41-65	4

6.4.2. gr. Inngangsdýr/útidýr og svala/garðdýr

Búið er að fjarlægja ákvæði um staðsetningu á sjálfvirkum opunarbúnaði við inngangs-/útidýr úr reglugerðinni, b-liður í gildandi reglugerð, d-liður í

⁶ Með 3. breytingu á reglugerðinni í mars 2014.

breytingartillögunum. Tillagan gerir mögulega ráð fyrir að ákvæðin eigi frekar heima í leiðbeiningum með reglugerðinni, en það er ekki ástæða til að færa þau úr reglugerðinni.

Búið er að strika yfir 2. lið í viðmiðunarreglum um mætingarsvæði hjólastóla á göngum og svalagöngum. Mikilvægt er að halda þessu ákvæði inni í byggingarreglugerð.

6.5.1. gr. Almennt

Í breytingartillögunum er fallið frá kröfu um handlista beggja vegna í stiga/tröppum og skábrautum þar sem lyfta er í mannvirki. Margt fólk þarf á stuðningi ýmist beggja vegna eða öðrum megin og ekki er hægt að tryggja að ávallt sé hægt að nota lyftu í húsnæði. Ekki er hægt að fallast á þessa breytingu.

6.6.1. gr. Skilti, leiðbeiningar, handföng o.fl. vegna algildrar hönnunar - Almennar kröfur

Felld hefur verið út setningin: „Upplýsingar skulu einnig skráðar með punktalettri eða þannig framsettar að blindir hafi aðgang að þeim upplesnum.“ og í stað hennar kemur „Huga skal að þörfum blindra við merkingar“ í tillögunum. Í tillögunum er ekki nægilega hugað að þörfum blindra. Mikilvægt er að krafa um blindraletur og upplestur sé skýr í byggingarreglugerð. Athygli er vakin á að upplestur gagnast ekki aðeins blindum, heldur einnig þeim sem ekki hafa góðan lestrarskilning.

6.7.1. gr. Almennt um íbúðir og íbúðarhús

Í tillögunum hafa ákvæði nokkurra greina verið settar saman í eina grein.

Ákvæði um svalir hafa verið færðar undir 9. hluta um varnir gegn eldsvoða. Krafa um að allar íbúðir ofan jarðhæðar skulu hafa svalir hefur við það fallið út, en skilgreina má svalir sem flóttaleið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (9.5.3. gr.). Þá þarf aðeins ein önnur flóttaleið úr íbúð að vera tryggð. Það er afar varasamt að fella út þessa kröfu. Helmingi færri látast vegna eldsvoða hér á landi en í nágrannalöndum okkar og má ætla að krafa um svalir í fjölbýlishúsum sé hluti af skýringunni, en sambærilega kröfu er ekki að finna í öðrum norrænum byggingarreglugerðum. Komi eldur upp í fjölbýlishúsi eru svalir augljós flóttaleið, sem sýnir sig í að reglulega er fólki bjargað af svölum. Hreyfihamlað fólk, aldraðir og aðrir sem hafa ekki fulla hreyfigetu eiga sérstaklega í hættu að komast ekki í öruggt skjól á stuttum tíma, en erfitt getur verið að áætla eðlilegan rýmingartíma húsnæðis í eldsvoða. Ennfremur er ekki hægt að tryggja að aðrar flóttaleiðir í byggingum séu alltaf greiðfærar, enda vill það brenna við að gangar og öryggissvæði séu notuð sem geymslurými fyrir íbúa.

6.7.13 gr. Geymslur

Ákvæði um algilda hönnun í grein um geymslur hafa verið færð undir j-lið 6.7.4. gr. og kröfur um lágmarksstærðir felldar út. Í staðinn segir: „Tryggja skal aðgengi hreyfihamlaðra að geymslum.“ Það er óráðlegt að fella niður kröfur um rýmisstærðir.

6.7.14 gr. Veggsva­lir

Samkvæmt tillögunum er þessi grein sameinuð 6.7.6. gr. um svalaskýli, kröfum um svalir sleppt en ákvæði um svalir sem flóttaleið er sett undir meginreglur 9.5.3. gr. og

stærðarkröfur undir viðmiðunarreglur 9.5.3. gr. Krafa um þröskuld/kant sett í i-lið 6.7.4. gr. Ákvæði um frárennsli af svölum virðist þurfa í byggingarreglugerð til að tryggja að þröskuldur/kantar séu ekki hærri en 25 mm, sem er nauðsynlegt til að notendur hjólastóla geti notað svalirnar, ekki síst sem flóttaleið. Lagt er til að greinin haldist óbreytt.

Ný grein: 6.7.7. gr. Sérákvæði fyrir húsnæðissamvinnufélög og leigufélög

Hugmyndin er, þó að greinin mætti vera skýrari, að níu af hverjum tíu íbúðum í nýju búsetuformi sem rekið er af húsnæðissamvinnu- eða leigufélögum þurfi ekki að vera fullilega aðgengilegar fyrir alla að því leyti að salerni uppfylli ekki skilyrði um algilda hönnun og séu þar með óaðgengileg fyrir notendur hjólastóla. Íbúðirnar séu aðgengilegar að öðru leyti, sk. heimsóknaraðgengi, og ein af hverjum tíu íbúðum sé fullilega aðgengileg fyrir alla. Þá sé aðgengilegt salerni fyrir hreyfihamlaða í hverju stigahúsi í sameign. Varasamt er að leyfa slíkan afslátt á aðgengiskröfum sem ber vott um skammsýni. Enginn vill þurfa að nota salerni í almenningi og hætta er á að þau salerni verði ekki þrifin og verði notuð sem geymslur. Þó að skýrar kvaðir verði settar á leigufélög um rekstur húsnæðisins, þ.á.m. þrif á salernum hefur sýnt sig að eftirliti með fasteignum er ábótavant og líklegt er að þessi salerni verði víða ónothæf eða ókræsileg til afnota.

9.5.3 gr. Aðgengi að flóttaleiðum


Í viðbættum 4-lið í viðmiðunarreglum þarf að bæta við ákvæði um hæð þröskulda/kanta, sem finna má í i-lið 6.7.4. gr. í tillögunum. Sjá að auki athugasemdir við 6.7.1. gr. um svalir og flóttaleiðir.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



formaður ÖBÍ



f.h. málefnaþóps ÖBÍ um aðgengi,
formaður